



## SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

### Samgönguráðuneytið

*auglýsir kynningu á skipulagsreglum fyrir Reykjavíkflugvöll.*

Í samræmi við heimild í 59. gr. laga um loftferðir, nr. 60 frá 1998, hefur samgönguráðherra ákveðið að setja skipulagsreglur fyrir Reykjavíkflugvöll. Reglurnar hafa m.a. að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins auk reglna um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvellinum. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins sem nær til Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna í nágrenni við Reykjavík. Drög að reglunum hafa verið kynntar fulltrúum allra sveitarfélaga í nágrenni vallarins.

Tilgangur og markmið reglnanna er:

- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga (t.d. Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Reykjavíkflugvallar er hér með auglýst til kynningar en tillagan er til sýnis í anddyri flugturnsins á Reykjavíkflugvelli. frá og með 17. mars til og með 14. apríl 2009. Hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu Samgönguráðuneytisins, <http://www.samgonguraduneyti.is/>, heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands, <http://www.caa.is>, og heimasíðu Flugstoða ohf. <http://www.flugstodir.is>.

**Skorað er á fasteignaeigendur á höfuðborgarsvæðinu og aðra hagsmunaaðila að kynna sér fyrirliggjandi drög að reglum. Athugasemdir eða ábendingar við tillöguna skulu vera skriflegar og berast samgönguráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu - 150 Reykjavík, ekki seinna en 16. apríl 2009. Eftir þann tíma verður ekki tekið við athugasemdum. Litið er svo á að þeir sem gera ekki athugasemdir við tillöguna teljist samþykkir henni.**

Eftir kynningartíma verða athugasemdir og ábendingar sem berast teknar til ítarlegrar athugunar. Verði ákveðið að ráðast í breytingar á tillögunni vegna athugasemdanna verða slíkar breytingar kynntar hlutaðeigandi áður en gengið verður endanlega frá reglunum. Auglýsing um gildistöku reglnanna verður birt í Lögbirtingablaðinu. Nánari upplýsingar veitir Hermann Hermannsson hjá Flugstoðum ohf., netfang: [hermannh@flugstodir.is](mailto:hermannh@flugstodir.is), S : 424-4100

Samgönguráðuneytinu,  
17 mars 2009